

Ed.

314. Nefndarálit

[229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með hliðsjón af fjárskorti ríkissjóðs miðað við þau verkefni sem hann ætlar sér leggur minni hl. nefndarinnar til að frádráttarheimildir verði skertar eins og fram mun koma í brtt. við fjárlagafrv. við 3. umræðu. Það er og í samræmi við fyrirætlanir um fækkun frádráttarliða til að einfalda skattakerfið.

Alþingi, 12. des. 1986.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.